

## Sjóvá – Ársuppgjör

### 9.570 m.kr. hagnaður á árinu 2021

#### 12M 2021 og horfur fyrir árið 2022

- Hagnaður af váttryggingastarfsemi fyrir skatta 2.517 m.kr. (12M 2020: 1.968 m.kr.)
- Hagnaður af fjárfestingarstarfsemi fyrir skatta 7.830 m.kr. (12M 2020: 3.960 m.kr.)
- Hagnaður tímabilsins 9.570 m.kr. (12M 2020: 5.320 m.kr.)
- Ávöxtun fjárfestingareigna í stýringu 18,5% (12M 2020: 13,2%)
- Samsett hlutfall 90,9% (12M 2020: 92,0%)
- Horfur fyrir árið 2022 gera ráð fyrir að samsett hlutfall verði um 93-95% og að hagnaður af váttryggingastarfsemi fyrir skatta verði um 1.800-2.200 m.kr.
  - Ekki verða birtar horfur fyrir afkomu af fjárfestingastarfsemi en áætlanir félagsins gera ráð fyrir að ávöxtun fjárfestingareigna í stýringu nemi miðað við núverandi vaxtastig og fjárfestingastefnu um 6% á ársgrundvelli til lengri tíma án vaxtatekna af viðskiptakröfum.
    - Miðað við ávöxtun fjárfestingareigna það sem af er ári má vænta að ávöxtun nemi um 5% á árinu 2022.
  - Ekki verður upplýst um frávík frá afkomu af fjárfestingarstarfsemi nema þær verði raktar til breytinga á óskráðum eignum eða verulegra breytinga á fjárfestingastefnu.

#### Fjórði ársfjórðungur 2021

- Hagnaður af váttryggingastarfsemi fyrir skatta 643 m.kr. (4F 2020: 581 m.kr.)
- Hagnaður af fjárfestingarstarfsemi fyrir skatta 1.698 m.kr. (4F 2020: 2.475 m.kr.)
- Hagnaður tímabilsins 2.197 m.kr. (4F 2020: 2.982 m.kr.)
- Ávöxtun fjárfestingareigna í stýringu 3,7% (4F 2020: 6,3%)
- Samsett hlutfall 91,4% (4F 2020: 90,4%)

#### Hermann Björnsson, forstjóri:

Rekstur Sjóvár gekk með ágætum árið 2021. Afkoma af rekstri félagsins nam 9.570 m.kr. og er niðurstaðan afar góð hvort sem litið er til váttryggingarekstrar eða fjárfestingarstarfsemi. Arðsemi eigin fjár nam 41,9% á árinu.

#### Óvenju gott ár í fjárfestingum og sterkur grunnrekstur

Afkoma ársins 2021 af váttryggingarekstri fyrir skatta nam 2.517 m.kr. sem er töluverð aukning frá fyrra ári, en samsett hlutfall var 90,9% á árinu samanborið við 92,0% árið áður. Iðgjaldavöxtur nam 15,0% á árinu í heild og vöxtur eigin iðgjalda var 15,7%. Árin tvö eru þó ekki að fullu samanburðarhæf þar sem felldur var niður málgjaldadagi í ökutækjetryggingum á árinu 2020 og nam sú niðurfelling 650 m.kr. Eigin tjón ársins hækkuðu á sama tíma um 14,6% og voru 16.307 m.kr. en 14.223 m.kr. árið 2020. Tjónahlutfall ársins var 69,1% samanborið við 70,7% árið á undan.

Reksturinn einkennist af góðum iðgjaldavexti umfram vöxt eigin tjóna og er það í samræmi við stefnu Sjóvár um viðunandi arðsemi af váttryggingarekstrinum. Undanfarna 23 fjórðunga eða allt frá öðrum ársfjórðungi 2016 hefur váttryggingareksturinn skilað jákvæðri afkomu. Sá góði árangur byggir á aðgerðum sem snúa að iðgjaldasetningu, áhættumati, forvörnum og iðgjaldavexti í formi aukinnar sölu. Allt eru þetta þættir sem stjórnendur hafa lagt ríka áherslu á.

Iðgjaldavöxturinn var drifinn af aukningu bæði á einstaklings- og fyrirtækjamarkaði á landsvísu og í nær öllum váttryggingaflokkum. Það er ánægjulegt að vöxtur iðgjalda á fyrirtækjamarkaði er nú að taka við sér eftir samdrátt vegna áhrifa heimsfaraldurs.

## Ávöxtun fjárfestingareigna í stýringu 18,5% á árinu

Afkoma af fjárfestingum var góð og langt umfram væntingar á árinu en allir eignaflokkar skiluðu jákvæðri ávöxtun. Ávöxtun skráðra hlutabréfa var 52,8% á árinu og voru tekjur af þeim 5.541 m.kr. Ávöxtun óskráðra hlutabréfa var 63,2% og tekjur af þeim 1.419 m.kr. en það er sá flokkur sem skilaði hlutfallslega bestu ávöxtuninni. Fjárfestingatekjur Sjóvá voru 8.384 m.kr. á árinu en voru 5.274 m.kr. árið áður sem þó var óvenju gott ár. Ávöxtun fjárfestingareigna í stýringu var 18,5% á árinu.

## 723 m.kr. ráðstafað í endurgreiðslu til stofnfélaga

Á árinu fengu 29.500 þúsund tjónlausir viðskiptavinir samtals 723 m.kr. í formi stofnendurgreiðslu. Aldrei áður hefur framlagið verið jafn hátt og hækkar um rúmar 80 m.kr. á milli ára auk þess sem hlutfall þeirra viðskiptavina sem fá stofnendurgreiðslu eykst sem er mjög jákvætt, bæði fyrir félagið og okkar viðskiptavini. Stofnfélagar eru nú um 40.000 og fjölgaði þeim um 2.000 á milli ára.

## Við tryggjum ánægðari viðskiptavini

Sjóvá mældist efst tryggingafélaga í Íslensku ánægjuvuginni 2021, fimmta árið í röð, en ánægjuvugin mælir hversu ánægðir viðskiptavinir eru með þjónustu fyrirtækja í ýmsum atvinnugreinum. Við erum afar þakklát fyrir að okkar viðskiptavinir séu ánægðir með þjónustuna sem við veitum. Framúrskarandi þjónusta hefur um árabil verið okkar leiðarljós, hvort sem þjónustan er veitt með stafrænum lausnum eða með beinum samskiptum í útibúum okkar um land allt. Það er jafnframt okkar sannfæring að ánægt starfsfólk sé forsenda þess að vera þjónustufyrirtæki í fremstu röð og leggjum við ríka áherslu á að hlúa að mannauði okkar og að viðhalda góðri fyrirtækjamenningu.

## Stærsti styrkur sem Sjóvá hefur veitt

Í lok ársins var tekin ákvörðun um stærsta styrk sem Sjóvá hefur nokkurn tímann veitt til einstaks verkefnis, eða 142,5 m.kr. Tilefnið var enda risavaxið, endurnýjun björgunarskipaflota Landsbjargar sem hefur afar mikilvægu hlutverki að gegna allt í kring um landið. Það er okkur mikil ánægja að geta stutt við þetta brýna verkefni en með tilkomu nýju björgunarskipanna verður bylting í viðbragðstíma og aðbúnaði fyrir áhafnir, sjófarendur og samfélagið allt.

Sjóvá hefur einnig í samstarfi við Slysavarnafélagið Landsbjörgu og nýsköpunarfyrirtækið Stokk sett í loftið snjallforrit eða app undir merkjum SafeTravel. Aðkoma Sjóvár var að kosta alla vinnu við gerð appsins sem er ætlað að gera fólki á ferð um landið kleift að fylgjast í rauntíma með veðri og aðstæðum á vegum á þeirri leið sem fyrirhuguð er.

## Tillaga stjórnar um arð og áframhaldandi endurkaup eigin hluta

Arðgreiðslustefna félagsins miðar við að greiða að lágmarki 50% af hagnaði hvers árs til hluthafa í formi arðs að því gefnu að gjaldþol sé innan gjaldþolsviðmiða. Samþykkt var á stjórnarfundi í dag að leggja til við hluthafafund að greiða út arð að fjárhæð 3.850 m.kr. eða 3,14 kr./hlut. Gjaldþolshlutfall að teknu tillit til arðgreiðslutillögu stjórnar er því 1,41 þann 31.12.2021.

Stjórn leggur til við aðalfund að endurnýja heimild stjórnar til kaupa á eigin hlutum í félaginu.

Hluthafahópur Sjóvár samanstendur af 1.276 aðilum og skiptist eignarhaldið þannig að lífeyrissjóðir eiga 51%, einstaklingar og fyrirtæki 36%, verðbréfasjóðir 7%, fjármálafyrirtæki 2% og erlendir verðbréfasjóðir 0,4%.

Einstaklingum og fyrirtækjum fjölgar mikið í hópi hluthafa en þeir eru í dag 1.276 og fjölgar um 346 á milli ára.

## Horfur fyrir árið 2022

Horfur fyrir árið 2022 gera ráð fyrir að afkoma af váttryggingastarfsemi fyrir skatta verði um 1.800-2.200 m.kr og samsett hlutfall um 93-95%. Ekki verða birtar horfur fyrir afkomu af fjárfestingastarfsemi en áætlanir félagsins gera ráð fyrir að ávöxtun fjárfestingareigna í stýringu nemi miðað við núverandi vaxtastig og fjárfestingastefnu um 6% á ársgrundvelli til lengri tíma án vaxtatekna af viðskiptakröfum. Miðað við ávöxtun fjárfestingareigna það

sem af er ári má vænta að ávöxtun nemi um 5% á árinu 2022. Ekki verður upplýst um frávik frá afkomu af fjárfestingastarfsemi nema þær verði raktar til breytinga á óskráðum eignum eða verulegra breytinga á fjárfestingastefnu.

## Maígjaldagi lögboðinna bifreiðatrygginga einstaklinga hjá Sjóvá felldur niður

Sjóvá hefur ákveðið að fella niður maígjaldaga lögboðinna ökutækjatrygginga einkabíla viðskiptavina á þessu ári, þótt tryggingarnar verði áfram í fullu gildi. Sjóvá felldi niður iðgjöld ökutækjatrygginga í maí 2020, þegar lokanir í samfélaginu vegna covid stóðu sem hæst. Afkoma fyrirtækisins hefur verið góð og tjónaþróun hagfelld. Viðskiptavinir Sjóvá hafa fengið 1.300 m.kr. í Stofnendurgreiðslu síðustu tvö ár. Með niðurfellingu gjalds í maí 2020 og nú hafa viðskiptavinir Sjóvá því samtals fengið um 2.600 m.kr. endurgreiddar eða niðurfelldar á tveggja ára tímabili.

Okkur finnst sanngjarnt að koma til móts við viðskiptavinum okkar með þessu hætti. Nú lítur út fyrir að óvenjulegu tímabili sé að ljúka sem hefur verið samfélaginu krefjandi. Rekstur félagsins hefur gengið vel í gegnum þennan tíma og við viljum að viðskiptavinir okkar njóti góðs af því. Þess vegna ráðumst við í að fella niður iðgjöld lögboðinna bifreiðatrygginga líkt og í maí 2020. Það er von okkar að framundan séu betri tímar og líf okkar allra muni fljótlega færast aftur í eðlilegt horf.

## Kynningarfundur 10. febrúar kl. 16:15 í vefstreymi

Hermann Björnsson forstjóri, Sigríður Vala Halldórsdóttir framkvæmdastjóri fjármála og upplýsingatækni og Þórður Pálsson forstöðumaður fjárfestinga kynna uppgjörið þann 10. febrúar kl. 16.15. Kynningunni verður streymt á slóðinni <https://www.sjova.is/um-okkur/fjarfestar/afkomukynning-4f-2021/>. Vilji aðilar bera upp spurningar má senda þær á netfangið [fjarfestar@sjova.is](mailto:fjarfestar@sjova.is) fyrir fundinn eða á meðan á útsendingu stendur og verður þeim svarað í lok kynningarinnar.

Kynningarefni verður aðgengilegt á vef Sjóvár [www.sjova.is/fjarfestar](http://www.sjova.is/fjarfestar) frá þeim tíma er kynningin hefst og verður upptaka af fundinum aðgengileg á sömu síðu að fundi loknum.

## Fjárhagsdagatal

Aðalfundur 2022 – 11. mars 2022

1F 2022 – 5. maí 2022

2F 2022 – 18. ágúst 2022

3F 2022 – 27. október 2022

4F 2022 – 9. febrúar 2023

Aðalfundur 2023 – 10. mars 2023

## Nánari upplýsingar

Meðfylgjandi er fréttatilkynning, samandreginn ársreikningur og fjárfestakynning Sjóvá-Almennra trygginga hf. vegna ársins 2021 og fjórða ársfjórðungs 2021.

Í samræmi við lög birtir Sjóvá ársreikning á sameiginlegu rafrænu skýrslusniði (e. European Single Electronic Format eða ESEF) og má finna gildandi útgáfu ársreikningsins í meðfylgjandi .zip skrá.

Nánari upplýsingar veitir Andri Már Rúnarsson í síma 772-5590 eða [fjarfestar@sjova.is](mailto:fjarfestar@sjova.is).

## Helstu niðurstöður og lykiltölur

	4F 2021	4F 2020	%	12M 2021	12M 2020	%
<b>Vátryggingastarfsemi</b>						
Iðgjöld tímabilsins	6.295	5.455	15,4%	23.953	20.831	15,0%
Hluti endurtryggj. í iðgjaldatekjum	-273	-222	23,0%	-1.025	-1.015	1,0%
Eigin iðgjöld	6.023	5.234	15,1%	22.928	19.817	15,7%
Fjárfestingatekjur af vátryggingarekstri	69	30	-	223	175	27,2%
Aðrar tekjur	83	89	-6,5%	242	218	11,0%
Heildartekjur af vátryggingarekstri	6.175	5.353	15,4%	23.392	20.209	15,7%
Tjón tímabilsins	-4.254	-3.633	17,1%	-16.556	-14.720	12,5%
Hluti endurtryggjenda í tjónum tímabilsins	136	-51	-	249	496	-49,8%
Eigin tjón	-4.118	-3.684	11,8%	-16.307	-14.223	14,6%
Rekstrarkostnaður af vátryggingarekstri	-1.414	-1.088	30,0%	-4.568	-4.018	13,7%
Heildargjöld af vátryggingarekstri	-5.532	-4.772	15,9%	-20.875	-18.242	14,4%
<b>Hagnaður af vátryggingarekstri</b>	<b>643</b>	<b>581</b>	<b>10,6%</b>	<b>2.517</b>	<b>1.968</b>	<b>27,9%</b>
<b>Fjárfestingastarfsemi</b>						
Fjárfestingatekjur af fjárfestingastarfsemi	1.848	2.600	-28,9%	8.161	5.099	60,1%
Tæknil. vaxta- og gengisbr.vátryggingask.	-25	-68	-63,3%	99	-678	-
Rekstrarkostnaður af fjárfestingastarfsemi	-126	-57	-	-431	-461	-6,5%
<b>Hagnaður af fjárfestingastarfsemi</b>	<b>1.698</b>	<b>2.475</b>	<b>-31,4%</b>	<b>7.830</b>	<b>3.960</b>	<b>97,7%</b>
Hagnaður fyrir tekjuskatt	2.340	3.056	-23,4%	10.347	5.928	74,5%
Tekjuskattur	-143	-74	94,3%	-778	-608	27,8%
<b>Heildarhagnaður tímabilsins</b>	<b>2.197</b>	<b>2.982</b>	<b>-26,3%</b>	<b>9.570</b>	<b>5.320</b>	<b>79,9%</b>
Tjónahlutfall	67,6%	66,6%		69,1%	70,7%	
Endurtryggingahlutfall	1,3%	3,9%		2,7%	2,0%	
Kostnaðarhlutfall	22,5%	19,9%		19,1%	19,3%	
<b>Samsett hlutfall</b>	<b>91,4%</b>	<b>90,4%</b>		<b>90,9%</b>	<b>92,0%</b>	
Rekstrarhlutfall	90,3%	89,9%		89,6%	91,2%	
Arðsemi eigin fjár eftir skatta á ársgrundv.	41,0%	63,3%		41,9%	28,3%	
Arðsemi eigin fjár fyrir skatta á ársgrundv.	38,5%	64,9%		45,3%	31,5%	
Hagnaður á hlut	1,73	2,22		7,34	3,98	
Niðurstaða endurtrygginga	-84	-211		-658	-416	
Vátryggingaskuld	33.341	29.867		33.341	29.867	
Heildareignir	67.856	59.261		67.856	59.261	
Eigið fé	24.339	21.364		24.339	21.364	
Gjaldþolshlutfall	1,41	1,67		1,41	1,67	
Lágmarksfjármagnshlutfall	4,07	4,40		4,07	4,40	

Fjárhæðir eru í milljónum króna

Samstæðureikningur Sjóvár fyrir árið 2021 var samþykktur af stjórn og forstjóra á stjórnarfundi þann 10. febrúar 2022